

Samsetning með Pex pressutengjum



1. Setjið krumphólkinn og krumpmúffuna á annan rörendann.

2. Hreinsið af Pexrörendanum. Notið rörskera eða sög. Fjarlægið einangrunina. **A** á að vera a.m.k. 100mm.




3. Skerið Pexrörið hornrétt af með klippum. Endinn **B** á að vera a.m.k. 90mm. Snarið úr Pexrörinu og fjarlægið ójöfnur og leifar af einangrun.

4. Setjið pressuhring og klemmuhring upp á rörið og gætið þess að það snúi rétt. Merkið lengd klemmuhringsins með blýanti eða tússpenna á Pexrörið. Þrýstið brjóstnipplinum inn í rörið alveg upp að brjósti.




5. Gangið frá hinum endanum á sama hátt.

6. Færið klemmuhringina að brjóstinu og pressuhringina að klemmuhringjunum. Leggið kjamma pressunar að pressuhringjunum. Pressið hægt svo öruggt sé að kjammar og hringir stýrist rétt. Pressið þar til pressuhringir nema við brjóstið.




7. Þegar merkið frá aðgerð 4 sést við klemmuhringinn er samsetningin rétt framkvæmd.



Pressuhringur Klemmuhringur Brjóstnippill Klemmuhringur Pressuhringur

Pex tengist við stál



Útg.	Dags.	Lýsing	Han./Yfirf./Samp.



Bæjarhálsi 1· 110 Reykjavík
Sími 516 6000· Fax 516 6709
www.veitur.is

Staðalsnið hitaveitu
LAV-361
Hitaveita
PEX tenging